

SKÁTAÞING 2022

Háskólanum á Akureyri & Hömrum



Föstudaginn 24. til sunnudagsins 26. apríl

Þingforseti: Guðmundur Finnbogason

Fundarritarar: Elín Esther Magnúsdóttir og Erika Eik Bjarkadóttir

Efnisyfirlit

1. Setning.....	3
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.....	3
3. Ávörp.....	3
4. Látnir félagar á árinu.....	3
5. Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd.....	3
6. Úthlutun úr styrktarsjóði skáta.....	4
7. Afhending skipunarbréfa.....	4
8. Afhending heiðursmerkja.....	4
9. Kveðja fráfarandi framkvæmdastjóra.....	5
10. Kynningar.....	5
11. Niðurstaða félagsforingjafundar og uppstillinganefndar.....	6
12. Niðurstaða kjörnefndar.....	7
13. Dagskrá Skátaþings.....	8
14. Inntaka nýrra skátafélaga.....	8
15. Þingi frestað til morguns.....	8
16. Þing heldur áfram.....	8
17. Skýrsla stjórnar BÍS.....	9
18. Starfsáætlun stjórnar BÍS.....	10
19. Ársreikningar BÍS.....	11
20. Tillaga að ársgjaldi til BÍS 2022-2023.....	11
21. Fjárhagsáætlun BÍS 2023-2024.....	11
22. Lagabreytingatillögur.....	12
Lagabreytingartillaga - Um titla lagagreina Flutningsaðili: Stjórn BÍS.....	12
Lagabreytingatillaga 2. grein - kosning Atkvæði greidd: 49 af 57.....	12
Lagabreytingartillaga - 16 & 26. grein Flutningsaðili: stjórn BÍS og ungmennaráð.....	12

Lagabreytingatillaga 16. & 26. grein - kosning Atkvæði greidd: 53 af 57.....	12
Lagabreytingartillaga – 20. grein Flutningsaðili: Ungmennaping	12
Niðurstöður atkvæðagreiðslu um breytingartillögu Þórhildar:.....	15
Lagabreytingartillaga – 25. grein Flutningsaðili: stjórn BÍS	16
Lagabreytingatillaga 25. grein - kosning Atkvæði greidd: 54 af 57	16
Lagabreytingartillaga – 26. grein Flutningsaðili: Ungmennaping	16
Lagabreytingatillaga 26. grein - kosning Atkvæði greidd: 53 af 57	16
Lagabreytingartillaga – 26. grein Flutningsaðili: stjórn BÍS	16
Niðurstöður atkvæðagreiðslu um breytingartillögu Jóns Andra:.....	17
Niðurstöður atkvæðagreiðslu um breytingartillögu Sigurðs:.....	17
Lagabreytingartillaga – 26. grein Flutningsaðili: Ungmennaping	17
23. Afhending viðurkenninga	18
24. Kynning á breyttum reglugerðum.....	18
25. Breytingar í ungmennaráði og útilífsráði	18
26. Önnur mál	19
27. Aðalfundarstörfum lýkur.....	20

1. Setning

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, skátahöfðingi, setti þingið. Hún sagði frá nýútkominni bók, Hvað er skátastarf? Auk þess að fjalla um nýjungar í starfsgrunni og hvatakerfi sem nýtast í þeirri sókn sem Skátahreyfingin stefnir í og lögð verða drög að um helgina.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Skátahöfðingi bar fram tilnefningu stjórnar til fundarstjóra og fundarritara.

Stungið var upp á Guðmundi Finnbogasyni og Kjartani Ólafssyni sem fundarstjórum og Elínu Esther Magnúsdóttur og Eriku Eik Bjarkadóttur sem fundarriturum.

Samþykkt samhljóða.

Guðmundur, fundarstjóri, flutti ávarp þar sem hann bauð alla velkomna. Guðmundur hvatti þinggesti til dáða í þeirra hlutverk í því að efla skátastarf. Hann benti þinggestum á að öll gögn um skátaþing væru á heimasíðu skátaþingsins: www.skatarnir.is/skatathing. Að lokum útskýrði hann hvernig þinginu yrði háttað.

3. Ávörp

Heimir Örn Árnason formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar ávarpaði þingið. Hann óskaði skátum til hamingju með bæklinginn Hvað er skátastarf?. Akureyrarbær vill stuðla að því að skátastarf standi sem flestum til boða í sveitarfélaginu. Skátastarf er einn valkostur sem hann bendir ungu fólki á ef það vill taka þátt í félagsstarfi og eignast nýja vini. 1998 undirrituðu Akureyrarbær og Klakkur samning um tjalðsvæðið á Hömrum. Húsnæði fyrir skátastarf í sveitarfélaginu er fjölbreytt. Hann lofar því að Hyrna, skátaheimili Klakks, verði í boði þar til eitthvað betra býðst. Heimir ítrekar gildi sjálfboðaliðastarfs fyrir ungt fólk.

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri ávarpaði þingið og óskar skátum til hamingju með samkomuna. Skólinn vill hvetja nemendur sína til sjálfstæðrar hugsunar. Þegar hann fletti Hvað er skátastarf? Segir jhann Já takk, þetta er fólkið sem við viljum fá í háskólann. Hann segir að aldrei hafi verið meiri þörf fyrir starf af þessu tagi en núna. Hvernig finnur maður út hvernig manneskja maður er, í heimi þar sem áreitið er jafn mikið og raun ber vitni? Það gerir maður á fjalli. Hann hvetur þingið til að hugsa um mikilvægi starfsins í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið í heiminum - og að starfið eigi meira erindi í dag en fyrir 100 árum. Hann segir skólann stoltan af því að hafa þinggesti hjá sér um helgina, enda sé skólinn að vinna að sama markmiði og hreyfingin.

Anna Kristjana Helgadóttir fyrir hönd gestgjafa, skátafélagsins Klakks ávarpar þingið. Skátafélagið hefur unnið hörðum höndum undanfarna mánuði við að skipuleggja þingið og hátíðarkvöldverðin. 100 ár eru síðan skátafélagið Valkyrjan var stofnað, en það sameinaðist í skátafélagið Klakk árið 1987. Auðævi Klakks felast ekki í peningum heldur í krökkunum, en félagið er einnig heppið með húsnæði og útivistarsvæði.

4. Látnir félagar á árinu

Skátahöfðingi bað þinggesti um að rísa úr sæti og minnst féлага sem létust frá síðasta þingi. Atli Smári Ingvarsson, Soffía Stefánsdóttir, Valdimar Már Pétursson, Pétur Orri Þórðarson. Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir og Védís Helgadóttir léku Kvöldsöng dróttskáta undir á klarinett og fiölu.

5. Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd

Guðrún Stefánsdóttir meðstjórnandi í stjórn BÍS kynnti tilnefningu stjórnar til þingnefndanna tveggja.

Stjórn BÍS lagði til að eftirfarandi skipi kjörnefnd:

Eygló Viðarsdóttir Biering – Skátafélagið Heiðabúar
Hrafnkell Úlfur Ragnarsson – Skátafélagið Fossbúar
Védís Helgadóttir, Skátafélagið Landnemar

Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Stjórn BÍS lagði til að eftirfarandi skipi allsherjarnefnd:

Ásgerður Magnúsdóttir – Skátafélagið Svanir
Benedikt Þorgilsson – Skátafélagið Garðbúar
Dagbjört Brynjarsdóttir – Skátafélagið Mosverjar
Jóhann Gunnar Malmquist – Skátafélagið Klakkur
Ólafur Patrick Ólafsson – Skátafélagið Vífill

Samþykkt samhljóða með lófaklappi. Kjörnefnd hefur störf.

6. Úthlutun úr styrktarsjóði skáta

Þórhallur Helgason aðstoðarskátahöfðingi, sagði frá Styrktarsjóði skáta og hvatti alla til að nýta sér hann. Auk þess kynnti hann úthlutun úr sjóðnum.

Eftirfarandi eru styrkhafar:

BÍS - Styrkur til skátabandalags Úkraínu.
Fræðasetur skáta - Ráðstefnugjald á ráðsefni skátasafna á Íslandi 2022
Skátasamband Reykjavíkur - Námskeið í meðhöndlun hnífa fyrir foringja í Reykjavík
Skátafélagið Kópar - Innleiðing fjölskylduskátastarfs
Fræðasetur skáta - Sýning um 100 ára kvenskátastarf, efniskostnaður
Skátafélagið Segull - Innleiðing fjölskylduskátastarfs
Skátafélagið Klakkur - Sýning í tilefni af 100 ára afmæli Valkyrjunnar á Akureyri

7. Afhending skipunarbréfa

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, skátahöfðingi afhenti 4 félagsforingjum skipunarbréf, nokkrir félagsforingjar voru ekki á staðnum til að taka á móti þeim. Þau sem hlutu skipunarbréf voru:

Daði Már Gunnarsson – Skátafélagið Árbúar
Heiða Rún Ingibjargardóttir – Skátafélagið Farfugla – Fjarverandi
Jónatan Smári Svavarsson – Skátafélagið Vífill – Fjarverandi
Róbert Örn Albertsson – Skátafélagið Vogabúar – Fjarverandi

8. Afhending heiðursmerkja

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Huldur Hlynsson og Þórhallur Helgason afhentu heiðursmerki skátum.

Þórshamar úr bronsi fengu:

Arnkell Ragnar Ragnarsson Fossbúum
Halldór Valberg Svönum

Hrafnkell Úlfur Ragnarsson Fossbúum
Hulda Mjöll Þorleifsdóttir Fossbúum
Jónína Sigurjónsdóttir skf. Sólheima
Kjartan Bragi Ágústsson Árbúum
Thelma Rún van Erven Vífli
Úlfur Kvaran Fossbúum

Þórshamar úr silfri fengu:

Fanný Björk Ástráðsdóttir Strók og skf. Sólheima
Hildur Haraldsdóttir Eilífsbúum
Elín Esther Magnúsdóttir Fossbúum
Inga Úlfsdóttir Fossbúum

Skátakveðju úr bronsi fékk:

Jón Halldór Jónasson Kópum (fjarverandi)

Hetjudáðamerki úr gulli:

Harpa les upp söguna af því þegar skátaskáli Vífils brann 13. Janúar 1997 en hópur skáta ásamt foringja slapp án meiðsla. Skátaforinginn, sem bjargaði flokknum út úr brennandi skálanum, Þórhallur Helgason aðstoðarskátahöfðingi, fær afhent hetjudáðamerki úr gulli. Þinggestir rísa úr sæti og klappa.

9. Kveðja fráfarandi framkvæmdastjóra

Spiluð var myndbandskveðja frá Helgu Þóreyju Júlíudóttur, fráfarandi framkvæmdastjóra BÍS. Hún þakkar fyrir gott samstarf við stjórnarmeðlimi og kveður hlutverkið með miklu stolti. Hún segir starfsemi Skátamiðstöðvarinnar hafa breyst, og er stoltust yfir því að fjölskylduskátastarfi hafi verið komið á laggirnar.

10. Kynningar

Unnur Líf Kvaran meðstjórnandi kynnti nýjan framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra skáta, Ragnar Þór Þrastarson, skáta úr Faxa í Vestmannaeyjum.

Unnur kynnti einnig nýja reglugerð um einkenni íslenskra skáta. Aðaláhersla er lögð á að það að vera með skátaklút sé nóg til að vera í skátabúningi. Að vera í „fullum skátabúningi“ er að vera með klút og í hvers kyns skátatfatnaði. Skátaskyrta er ljósblá, með eða án axlaspæla, stuttermá eða síðerma. Einnig eru til skátapeysur og -bolir með merki BÍS á brjóstinu, og annar skátatfatnaður með merki BÍS. Hátíðarbúningur fyrir dróttskáta og eldri er klútur, skyrta, dökkar buxur eða pils og dökkir skór. Fyrir fálkaskáta og yngri er hátíðarbúningur skátapeysa og hvers kyns skátaklútur. Utanferðabúningur fyrir dróttskáta og eldri er skátaskyrta og hátíðarklútur. Fyrir yngri er utanferðabúningur skátapeysa og hátíðarklútur. Ef útbúið eru sérstök farareinkenni vegna skátaviðburðar erlendis er það líka utanferðarbúningur. Unnur minnir einnig á að alltaf þegar skátar eru í merktum fatnaði eða búningi eigi þeir að hegða sér í samræmi við gildi skátahreyfingarinnar, þar með talið á netmiðlum. Í Skátabúðinni fæst allur þessi fatnaður og er hann úr umhverfisvænum efnum og með umhverfisvænu prenti.

Javier Paniagua Petisco, kynnti Úlfjótssvatn „innan frá“. Gestum Úlfjótssvatns er skipt í fimm hópa; skátar (þar með talið sumarbúðir), erlendir skátar, skólar, aðrir hópar og tjaldgestir. Hver hópur hefur sínar þarfir og því er bókunarferlið ólíkt eftir hópum. 5700 gestir heimsóttu Úlfjótssvatn á síðasta ári, og gistu í 11.363 nætur. Fyrir hverja gistinótt er innkoman að

meðaltali 4.576 krónur, en innkoman er mjög ólík milli hópa. Yfir helmingur gistinátta er æskulýðsstarf, það er að segja skátar, erlendir skátar og skólabúðir. Erlendir hópar og skólabúðir eru ábyrg fyrir meirihluta (tæplega 60%) tekna Úlfjótswatns. Þetta skiptir miklu máli við skipulagningu á starfinu og dagskránni. Markmiðið er að halda áfram að sinna æskulýðsstarfi, en að íslenskir skátar þurfi ekki að vera ábyrgir fyrir miklum hluta innkomunnar. Einnig að auka tekjur á öðrum sviðum, til dæmis tjaldsvæðinu. Þani kynnti einnig starfsfólk og sjálfboðaliða Úlfjótswatns. Starfsfólk sinnir tæplega 6.000 klukkustunda vinnu á ári, en sjálfboðaliðar rúmlega 13.000 klukkutímum. Sjálfboðaliðar gegna því lykilhlutverki í rekstri Úlfjótswatns.

Ásgeir Hreiðarsson framkvæmdastjóri Hamra kynnti starfið á Hömrum. 1998 var tjaldsvæðið stofnað og 2000 var fyrsta skátamótið haldið í útlífsmiðstöðinni. Markmiðið var að byggja upp og efla skátastarf á Akureyri og landinu öllu. Í kjölfarið fellur svo reksturinn á tjaldsvæði á Akureyri í hendur skátanna. Starfseminni er skipt í tjaldsvæði, útlífsmiðstöð, skátamiðstöð og önnur verkefni. Starfsmenn eru alla jafna launaðir en sjálfboðaliðar taka þátt í stöku verkefnum. Tjaldsvæðið er stór hluti af rekstrinum og gistinætur voru tæplega 80.000 árið 2021. Á síðasta ári fækkaði gistinóttum en tekjurnar héldust nokkuð í stað. Tjaldsvæðið tekur um 2500 gesti í dag. Á síðasta og þessu ári er verið að fjarlægja rafmagnslínur sem hafa legið um svæðið, sem gefur færi á að stækka tjaldsvæðið. Nýtt sérsniðið bókunarkerfi hefur verið tekið í notkun. Tjaldsvæðið er opið allt árið og vetrarnotkun kemur mörgum á óvart en allt að 40 manns gista á svæðinu hverja nótt yfir veturinn. Þáttur útivistariðkunar í samstarfinu er sífellt að aukast, til dæmis í sambandi við gönguskiðaiðkun. Sem skátamiðstöð sinna Hamrar flestum í einu á Landsmótum, sem hafa verið þrjú til þessa, en einnig á minni skátamótum. Áhugi er fyrir því að auka áherslu á vetrarskátun og auka notkun skáta á svæðinu, og er öllum skátum boðið að koma og nýta svæðið, jafnt sumar sem vetur. Skátar eru á heimavelli á Hömrum og því hefur verið ákveðið að allir skátar fái 50% afslátt af gistingu.

Harpa Ósk Valgeirsdóttir skátahöfðingi tilnefnir mótsstjóra að Landsmóti skáta 2024. Tryggvi Felixson afhendir Kolbrúnu Ósk Pétursdóttur mótsstjórastafinn. Tryggvi segir að það sé auðvelt að vera mótsstjóri ef maður hugsar um að gera ekki allt sjálfur, heldur að fá gott fólk með sér, og man eftir vonum og þörfum barnanna.

Kolbrún Ósk Pétursdóttir, mótsstjóri Landsmóts 2024, kynnti Landsmótið. Hún sagði söguna bakvið þema mótsins, Ólíkir heimar. Á skatamot.is verður á næstu dögum kynnt fyrsta áskorunin fyrir landsmótið sem félögin geta tekist á við.

Hlé gert á þingi, félagsforingjar eða staðgenglar þeirra beðnir um að hitta uppstillinganefnd og aðstoðarskátahöfðingja í hléinu í hliðarherbergi.

Þinggestir syngja afmælissönginn fyrir Sunnu Líf í Segli, sem er 26 ára í dag.

11. Niðurstaða félagsforingjafundar og uppstillinganefndar

Berglind Lilja Björnsdóttir kynnir niðurstöður fundarins fyrir hönd uppstillingarnefndar. Jón Halldór Jónasson hefur sagt sig úr stjórn BÍS en embættið er ekki til kjörs fyrr en á Skátapiingi 2024. Samkvæmt 23. grein laga BÍS skal í slíkum tilfellum félagsforingjafundur í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram til næsta aðalfundar. Uppstillinganefnd og félagsforingjafundur hafa á fundi sínum tilnefnt og samþykkt Vigdís Fríðu Þorvaldsóttur, Fossbúum sem nýjan meðlim stjórnar.

12. Niðurstaða kjörnefndar

Védís Helgadóttir kynnir niðurstöður kjörnefndar.

1. Réttmæti þingfulltrúa

Samþykkt að leifa 8 þingfulltrúum frá 5 skátafélögum að sitja Skátaþing með tilheyrandi réttindum þrátt fyrir að skráning hafi borist eftir tilsettan skráningartíma samkvæmt lögum. Af þeim eru 4 aðalfulltrúar samkvæmt kjörbréfi og 1 sem varafulltrúi. Kjörnefnd hefur úrskurðað 2 á móti 1 að leyfa þeim að halda atkvæðisrétti.

2. Atkvæðafjöldi á þinginu, dreifing atkvæða og aldursskipting

Eftirfarandi félög taka ekki þátt í Skátaþingi þetta árið:

Skátafélag Borgarness – A aðild
Skátafélagið Einherjar/Valkyrjan – A aðild
Skátafélagið Faxi – A aðild
Skátafélagið Hafernir – A aðild
Skátafélagið Stígandi – A aðild
Skátafélagið Vogabúar – A aðild
Skátafélagið Örninn – A aðild

Eftirfarandi félög taka þátt en skiluðu ekki kjörbréfi
Skátafélag Akraness

15 Skátafélög með aðild A og 2 skátafélög með aðild B skiluðu gögnum á réttum tíma.

Þau félög voru:

Skátafélagið Árbúar
Skátafélagið Eilífsbúar
Skátafélagið Fossbúar
Skátafélagið Garðbúar
Skátafélagið Heiðabúar
Skátafélagið Hraunbúar
Skátafélagið Klakkur
Skátafélagið Kópar
Skátafélagið Landnemar
Skátafélagið Mosverjar
Skátafélagið Skjöldungar
Skátafélagið Svanir
Skátafélagið Vífill
Skátafélagið Ægisbúar
Skátafélagið Sólheimar
Skátafélagið Strókur
Skátafélagið Radíóskátar

Eitt félag stóð ekki skil á öllum gögnum, það var:
Skátafélagið Segull

Kjörnefnd ákvað sjálfkrafa að taka skriflega skýringu Seguls til greina og úthluta þerra atkvæðum.

Því eru atkvæði í salnum 57 af 66 mögulegum ef öll félög sem skiluðu kjörbréfi fengu öll sín atkvæði þau skiptast svo:

Skátafélagið Árbúar - 4
Skátafélagið Eilífsbúar -1
Skátafélagið Fossbúar - 4
Skátafélagið Garðbúar - 4

Skátafélagið Heiðabúar - 4
Skátafélagið Klakkur - 4
Skátafélagið Kópar - 2
Skátafélagið Landnemar - 4
Skátafélagið Mosverjar - 4
Skátafélagið Skjöldungar - 4
Skátafélagið Svanir - 4
Skátafélagið Vífill - 4
Skátafélagið Ægisbúar - 4
Skátafélagið Sólheimar - 1
Skátafélagið Radíóskátar - 1
Skátafélagið Segull - 2
Skátafélagið Hraunbúar - 4
Skátafélagið Strókur - 2

33 fulltrúar með atkvæðisrétt eru á aldrinum 16-25 og því rúmlega 57% atkvæða í höndum ungmenna.

13. Dagskrá Skátaþings

Áður en fundarstjóri fer yfir tillöguna er Katrín Kemp fræðslustýra BÍS boðin í pontu að gera grein fyrir kosningakerfinu. Eftir prufukeyrslu á kosningakerfinu fer fram kosning um dagskrá þingsins.

Fundarstjóri kynnti dagskrá þingsins og spurði hvort einhver óskaði eftir leynilegri kosningu. Þar sem það var ekki var dagskráin samþykkt með lófataki.

14. Inntaka nýrra skátafélaga

Umsókn um skátafélagsins Farfugla um félagsaðild A tekin fyrir. Harpa Ósk Valgeirsdóttir skátahöfðingi kynni umsóknina. Umsóknin er undirrituð af Heiðu Rún Ingibjargardóttur, félagsforingja félagsins. Félagið hóf störf á aldursbilamótunum 2022 þar sem það sótti bæði landsmót dreka- og fálkaskáta. Í félaginu hafa á yfirstandandi starfsári starfað 22 skátar á þátttökualdri, 4 á aldri Hrefnuskáta, 7 á aldri drekaskáta, 9 á aldri fálkaskáta og 2 á aldri dróttskáta. Félagið er staðsett á Austurlandi og starfsvæði þess er á Breiðdalsvík og Stöðvarfirði.

Fundarstjóri spyr hvort einhver óski eftir leynilegri kosningu. Svo er ekki.

Inngangan er samþykkt einróma með lófataki.

15. Þingi frestað til morguns

Þingfundur heldur áfram kl. 9.00 í fyrramálið. Kolbrún Ósk Pétursdóttir kynnir dagskrártilboð kvöldsins.

16. Þing heldur áfram

Kjartan Ólafsson hefur fundarstörf.

17. Skýrsla stjórnar BÍS

Harpa Ósk Valgeirsdóttir kynnir skýrslu stjórnar. Á árinu gat skátastarf hafist að nýju með hefðbundnu sniði eftir Covid-heimsfaraldurinn. Útilífsráð tók til starfa í fyrsta sinn á árinu og hefur að markmiði að auka útilísiðkun innan hreyfingarinnar.

Breytingar urðu á starfsmannahaldi Skátamiðstöðvarinnar á árinu þegar Helga Þórey Júlíudóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri. Skátahöfðingi sinnir störfum framkvæmdastjóra þar til nýr framkvæmdastjóri tekur til starfa. Halldóra Inga Ingileifsdóttir hóf störf sem fjármálastjóri. Kolbrún Ósk Pétursdóttir mótsstjóri Landsmóts skáta 2024 var ráðin í starf við undirbúning Landsmóts skáta, í stað þess að ráða sérstakan viðburðarstjóra, og hefur vinnuáðstöðu í Skátamiðstöðinni. Hún sinnir einnig undirbúningi fyrir stórar utanlandsferðir skáta, eins og á alheimsmót og Roverway.

Breyting varð á fyrirkomulagi Skátabúðarinnar, ekki er legið lengur með skátabúninga á lager heldur panta skátafélög búninga sem eru svo afhentir síðar. Úlfur Kvaran tók til starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi.

Halldór Valberg erindreki lauk starfi sínu í nóvember.

Starfsemi Grænna skáta gengur vel og er að vaxa. Gengið var til samstarfs við skátafélagið Klakk um söfnunargáma á Akureyri.

Skátafélagið Farfuglar á Breiðdalsvík var stofnað.

Ný könnuðarmerki voru tekið í notkun og verkefni um inngildingu barna með fatlanir og barna að erlendum uppruna var hrundið í gang.

Stjórnarfundir voru 19, auk þess fundaði framkvæmdaráð. 2 félagsforingjafundir voru haldnir og síðasta skátaping var haldið á Bifröst.

Föngulegur hópur fékk forsetamerkið á Bessastöðum, eða 10 skátar.

Stærstu verkefni sumarsins voru aldursbilamótin.

Leiðbeinendasveitin er komin á fullt við að keyra sveitarforingjanámskeið og krafta-námskeið.

Haldið var upp á 100 ára afmæli kvenskáta 2. nóvember í samstarfi við SSR.

Í september var í fyrsta sinn sendur íslenskur vinnuhópur til Kandersteg skátamiðstöðvarinnar í Sviss.

Nokkrir viðburðir voru á dagskrá en ekki haldnir, ýmist vegna samkomutakmarkana eða annarra ástæðna.

Nýtt Gilwell-teymi hóf störf og hefur þegar byrjað fyrsta námskeiðið.

Erindrekstur og stuðningur við skátafélögin er stærsta verkefni Skátamiðstöðvarinnar. Hvert félag hefur sinn erindreka. Teymi þrennuþjálfar styðja við skátafélögin í að taka upp félagaprennufyrirkomulag.

Fálkaskátadagurinn féll niður en drekaskátadagurinn fór fram í Laugardalnum.

Aldursbilamót voru haldin yfir sumartímann.

Alheimsbandalögin hafa verið lengi af stað eftir Covid. SNK er samstarfsvettvangur Norðurlandanna og sá samstarfsvettvangur er að skila miklum lærdómi. Norrænn samráðsfundur var haldinn á Laugarvatni á árinu.

Fulltrúar var sendur á Evrópuþing WAGGS og WOSM í sumar.

Undir Skátaskólanum er Leiðbeinendasveitn, Gilwell-teymið og nú er verið að hefja vinnu við námskeið fyrir stjórnir.

Starfsráð hefur unnið að reglugerð um skátabúninginn, undirbúningi fyrir forsetamerki, starfsgrunni og hvatamerkjum.

Útílífsráð hóf störf og hefur notað árið til að skilgreina sig og samstarfsvettvanga sem í boði eru. Sérstakir útílífsviðburðir eru í forgrunni núna og mikill áhugi til að auka þann þátt í starfinu. Til dæmis er stefnt á að senda íslenskan hóp á hinn árlega Crean-viðburð.

Í sama anda var gerður samningur við Klakk og skíðasamband skáta um Íshæk og útílífsnámskeið.

Vinnuhópar voru meðal annars mótsstjórnir aldursbilamótana, Jota/Joti vinnuhópur, hópur um skátastarf flóttafólks, skipulagshópur vegna 100 ára afmælis kvenskáta, minjanefnd, Leiðbeinendasveitin og Gilwell-teymið.

Fækkun hefur orðið í aldursbilum drekaskáta og fálkaskáta, sem skýrist aðallega af félögum sem ekki hafa náð sér á strik að fullu eftir Covid-faraldurinn.

Gilwell-skálahópurinn hefur haldið áfram við endurnýjun og viðhald skálans.

BÍS er hluti af Æskulýðsvettvangnum og eru skátar meðal annars hvattir til að sækja námskeiðið Verndum þau og að kynna sér uppfærða viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins.

18. Starfsáætlun stjórnar BÍS

Unnur Líf Kvaran meðstjórnandi í stjórn BÍS kynnir starfsáætlun stjórnar. Skipulagning sameiginlegra Rekkaskátaviðburða hefur ekki gengið að óskum og því hefur verið ákveðið að skipa sérstakan vinnuhóp um slíka viðburði. Crean-vetraráskorun og útílífsnámskeið í Eyjafirði eru á dagskrá. Tvisvar á ári verður sérstakur viðburður til að undirbúa vinnu fyrir forsetamerkið. Hringborð foringja verða áfram. Landsmót skáta verður á Úlfjótssvatni 2024 og á Hömrum 2026. Sumurin á milli verða aldursbilamót, en Drekaskátamótið verður árlega. Landsmót norrænna skátasambanda eru líka á starfsáætlun til að hvetja íslenska skáta til þátttöku, sem og Euro mini-jam. Moot og Roverway eru á dagskrá líka, sem og alheimsmót 2027 í Póllandi.

Námskeið Skátaskólans eru til dæmis Kveikja, aðstoðarsveitarforingja- og sveitarforingjanámskeið, Rútan, Gilwell-námskeið og svo hæfninámskeið. Neisti verður á sínum stað. Fálkakraftur er nýtt af nálinni, félög geta pantað námskeið inn í útilegu fyrir þennan aldurshóp. Dróttkraftur og Rekkakraftur eru skemmtileg námskeið með fræðsluáviði. Samskipta- og siðareglunámskeið Æskulýðsvettvangsins eru góð fyrir alla sem starfa í skátunum. Fleiri námskeið verða í boði, til dæmis skyndihjálparnámskeið, Verndum þau og námskeið um neteinelti.

Jota/Joti er árvisst. Aðrir alþjóðlegir viðburðir á dagskrá eru meðal annars Academia og Agora, Nordic Adventure race, Ung i Norden og Go Global, sem og stjórnsýsluviðburðir eins og heimsping og Evrópuþing.

Umræður:

Bjarki Geir Benediktsson í Klakki spyr hvort ekki væri rétt að Íshækið væri í starfsáætlun. Unnur svarar því til að Íshækið sé ekki viðburður á vegum BÍS, en sjálfsagt að hafa það í starfsáætlun.

Úlfur Kvaran, Fossbúum og Leiðbeinendasveit, bendir á að dagsetningar Rekkakrafts séu ekki réttar í starfsáætlun þær eigi að vera 21.-23. apríl.

Starfsáætlun er samþykkt með lófataki, þar sem enginn óskaði eftir kosningu.

19. Ársreikningar BÍS

Sævar Skaptason gjaldkeri BÍS kynnti ársreikninga BÍS. Fjármál Bandalagsins eru áskorun í kjölfar Covid. Með nýjum fjármálastjóra og góðum bókara er að nást yfirsýn yfir fjármálin. Rúmlega 300.000 kr. hagnaður var af rekstri síðasta árs.

Afskrifað var lán Úlfljótssvatns frá BÍS upp á 47,9 milljónir, og í staðinn jókst eignarhlutur BÍS í Útílfísmiðstöð skáta Úlfljótssvatni.

Án aðkomu Grænna skáta væri BÍS í þónokkrum vandræðum, þátttaka Grænna skáta í launakostnaði BÍS var rúmlega 20 milljónir króna, auk þess að framlag þeirra til húsnæðiskostnaðar var rúmlega 30 milljónir króna.

Sævar segist horfa björtum augum til framtíðar í fjármálum BÍS.

Umræður:

Védís Helgadóttir, Landnemun, bendir á að stöðugildum fjölgar á milli ára en launakostnaður lækkar. Sævar segir að það skýrist af skuldfærslu á eldri launaskuldbindingum.

Bjarki Geir Benediktsson í Klakki spyr út í 3 milljónir í þjónustu- og markaðsverkefni sem eru ekki lengur í reikningum og 25 milljóna hækkun á gjöldum vegna félagsstarfa. Sævar svarar að styrktarpinnaverkefnið sé ekki lengur í gangi (nýtt verkefni í undirbúningi), hækkun er vegna þess að tekjur vegna skátamóta séu færðar inn undir þessum lið, en hafa verið undir sér lið áður.

Ársreikningur er samþykktur með lófataki, þar sem enginn óskaði eftir kosningu.

20. Tillaga að árgjaldi til BÍS 2022-2023

Sævar Skaptason gjaldkeri BÍS kynnti tillögu um að árgjaldið fyrir starfsárið 2023-2024 verði óbreytt, 600 kr. fyrir hvern starfandi skáta.

Umræður:

Aron Gauti Sigurðarson Skjöldungum spyr hver ástæðan sé fyrir því að árgjaldið sé ekki hækkað. Sævar segist ekki hafa svar við því.

Tillagan er samþykkt með lófataki, þar sem enginn óskaði eftir kosningu.

21. Fjárhagsáætlun BÍS 2023-2024

Sævar Skaptason gjaldkeri BÍS kynnti fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2023-2024. Reiknað er með tæplega 4 milljóna hagnaði, fjármagnstekjum upp á 1,4 milljónir og því samtals um 5 milljón króna hagnað, fyrir framlag dótturfélaga.

Umræður:

Kolbrún Reinholds dóttir Mosverjum spyr um breytingar á félagsgjöldum milli ára, upp á 8 milljónir, bæði inn og út. Sævar skýrir að undir þessum lið séu öll flug og annar kostnaður vegna alheimsmótsins í Kóreu.

Bjarki Geir Benediktsson Klakki spyr út í hækkun á ríkisstyrk. Harpa Ósk Valgeirsdóttir skátahöfðingi skýrir að um styrk frá ráðuneyti sé að ræða vegna verkefnis um þátttöku barna af erlendum uppruna og barna með fatlanir.

Bjarki spyr líka um hækkun á þjónustusamningalið undir rekstrarlið. Sævar segir þar vera um

aukið framlag Grænna skáta að ræða. Harpa skýrir að skipuritið um hvernig laun starfsmanna hreyfingarinnar séu færð í bókhald hafi breyst.

Bjarki spyr líka um tvöföldun á húsnæðiskostnaði undir rekstrargjöldum milli ára. Sævar og Harpa svara að það skýrist af breytingu á hvernig kostnaður er færður í bókhald.

Tumi Snær Sigurðsson Klakki bendir á að gott væri að sjá áætlun fyrir 2022 við hlið rauntalna.

Fjárhagsáætlun er samþykkt með lófataki, þar sem enginn óskaði eftir kosningu.

22. Lagabreytingatillögur

Lagabreytingartillaga – Um titla lagagreina

Flutningsaðili: Stjórn BÍS

Þórhallur Helgason flutti tillögu fyrir hönd stjórnar. Tillagan snýr að því að gefa hverri grein laga BÍS titil til að gera lögin aðgengilegri. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Enginn óskaði eftir umræðum.

Lagabreytingartillaga 2. grein - kosning

Atkvæði greidd: 49 af 57.

Já: 48, Nei: 0, Tek ekki afstöðu: 1

Tillagan var samþykkt.

Lagabreytingartillaga – 16 & 26. grein

Flutningsaðili: stjórn BÍS og ungmennaráð

Þórhallur Helgason flutti tillögu fyrir hönd stjórnar, tillagan snýr að því að kosið verði í ungmennaráð árlega í stað þess að svo sé gert á tveggja ára fresti. Auk þess að taka út lágmarkskröfu um fjölda í 16. grein. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Enginn óskaði eftir umræðum.

Lagabreytingartillaga 16. & 26. grein - kosning

Atkvæði greidd: 53 af 57.

Já: 52, Nei: 1, Tek ekki afstöðu: 0

Tillagan var samþykkt.

Lagabreytingartillaga – 20. grein

Flutningsaðili: Ungmennafélag

Svava Dröfn Davíðsdóttir flutti tillöguna fyrir hönd Ungmennaráðs, tillagan snýr að því að breyta neðri aldurstakmörkum þeirra fulltrúa skátafélaganna sem mega bera atkvæði á Skátaþingi. Á sama tíma er flutt breytingartillaga þar sem aldursmörkum er breytt á báðum stöðum í greininni, en í upphaflegu tillögunni vantaði breytingu á öðrum staðnum. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Umræður:

Védís Helgadóttir Landnemun spyr hvers vegna aldursmörk í tillögunni fylgja ekki aldursmörkum dróttskátaaldursins. Huldar Hlynsson, stjórn BÍS, svarar að Ungmennafélag hafi ákveðið þennan aldur.

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Kópum, vill heyra rök fyrir því að aldursákvæðinu sé breytt um nokkur ár, frekar en að afnema það alveg. Huldar Hlynsson, stjórn BÍS, les upp greinargerð Ungmennafélagsins sem fylgir tillögunni og vísar í fundargerð Ungmennafélagsins á vefnum fyrir frekari umræður.

Sunna Dís Helgadóttir Skjöldungum, segir frá því að hún sé skátinn sem stakk upp á að breyta aldrinum úr 16 ára og vill að ungmennahreyfingin leyfi ungmennum að taka þátt í ákvarðanatöku.

Bjarki Geir Benediktsson Klakki spyr hvaða viðmið eigi að nota til að ákveða um hæfi þingfulltrúa skátafélaga önnur en aldur. Sunna Dís svarar því að tvítugt fólk sem hefur verið nokkra mánuði í skátunum hafi í raun minni hæfni en 14 ára skátar sem hafa verið í starfi í 6 ár, en hafi samt atkvæði á Skátaþingi.

Gemma Montoliu Valor, Klakki, er ekki á móti því að 14 ára skátar kjósi, en atkvæði á skátaþingi eru fyrir hönd skátafélagsins en ekki persónuleg atkvæði.

Thómas Haukur Lúther Guðmundsson, Fossbúum, vill benda á að það að færa yngri skátum atkvæði tryggi fjölbreytileika.

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Kópum, flytur breytingatillögu um að aldurstakmarkið verði 0-25 ára. Henni fannst lagabreytingartillagan ekki ganga nógu langt. Réttara væri að sleppa neðri aldurstakmörkum og setja valið í hendur skátafélaga:

„Í stað þess að breytingin færi aldurinn úr 16 ára niður í 14 ára vil ég leggja til að aldurinn verði færður niður í 0 ára í báðum greinum sem lagt er til að verði breytt.

Greinin yrði þá svona:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 0-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar.“

Jón Lárusson Fossbúum flytur breytingartillögu á breytingartillögu Þórhildar: Í stað 0-25 ára verði 25 ára eða yngri.

Sunna Líf Þórarinsdóttir í Segli styður tillöguna og bendir á að það sé á ábyrgð stjórna skátafélaga að velja hæfa einstaklinga til að taka þátt í Skátaþingi.

Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir, Garðbúum, flytur breytingartillögu þess efnis að aldursbilið verði 13-25 ára, í stað 14 til 25 ára.

„Breytingartillögur eru yfirstrikaðar í gulu.

20. grein

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.

Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátapingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátapingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

20. grein verður:

Rétt til setu á Skátapingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum ~~16~~-13-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar ~~16~~-13 ára og eldri.

Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátapingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátapingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

20. grein rökstuðningur:

Allir dróttskátar sem vilja geta þá tekið þátt. “

Jón Andri Helgason, Árbúum, vill styðja tillögu Ragnheiðar frekar en Þórhildar, þar sem 2-3 ára barn geti varla farið með atkvæði.

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir breytir tillögu sinni í 25 ára og yngri, í stað 0-25 ár:

„Í stað þess að breytingin færi aldurinn úr 16 ára niður í 14 ára vil ég leggja til að aldurinn verði færður niður í 0 ára í báðum greinum sem lagt er til að verði breytt.

Greinin yrði þá svona:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum ~~16-25 ára~~.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar ~~16 ára og eldri~~.

Sigurður Úlfarsson, Landnemun, lýsir yfir ánægju með umræðuna. Hann telur í samræmi við starfsgrunn væri ef til vill eðlilegt að miða við dróttskátaaldur.

Bjarki Geir Benediktsson Klakki leggur til breytingu þess efnis að tvítekning aldurstakmarka verði felld út, með því að fella út setningu um æskilegan aldur. Hann biður einnig um að fengnir verði prófarkarlesarar til að fara yfir greinargerðir með lagabreytingartillögum.

„Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað ~~og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára~~.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.

Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnigildum BÍS sé að ræða.

Mín tillaga er að fella út setningunni um "æskilegan" aldur þeirra sem fara með atkvæði til að koma í veg fyrir tvítekningu og misskilning eins og varð við vinnslu ungmenneþings á lagabreytingartillögunni."

Fundarstjórar benda á að túlkun þeirra sé að ekki eigi að taka fyrir breytingartillögur á atriðum sem ekki séu til afgreiðslu þingsins. Því verða ekki greidd atkvæði um tillögu um að fella út setningu um æskilegan aldur. Þrjár breytingartillögur séu því afgreiðslu, auk tillögu um að engin breyting verði á lagabreytingartillögunni.

Jónatan Svavarsson, Vífli, segir að umræðan sýni að lýðræði sé á þinginu, og að það sé gott. Það sem hann fékk úr skátastarfi sé meðal annars sjálfstraust eftir að hafa fengið að takast á við áskoranir. Barnaskapur sé ekki bundinn við börn og að aldur sé ekki mælikvarði á hvort fólk hafi þroska til að taka ákvarðanir.

Greidd eru atkvæði um tillöguna sem gengur lengst, tillögu Þórhildar: Að engin neðri mörk séu á aldri þeirra sem fara með atkvæði á Skátaþingi.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu um breytingartillögu Þórhildar:

Atkvæði greidd: 55 af 57.

Já: 30, Nei: 21, Tek ekki afstöðu: 4

Þar sem 2/3 hluta atkvæða þarf til að samþykkja lagabreytingartillögu er þessi tillaga ekki samþykkt.

Greidd eru atkvæði um næstu tillögu, tillögu Ragnheiðar Silju: Að neðri aldursmörkum verði breytt úr 16 ára í 13 ára.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu um breytingartillögu Ragnheiðar:

Atkvæði greidd: 54 af 57.

Já: 41, Nei: 11, Tek ekki afstöðu: 2

Breytingartillagan er samþykkt og verður að lögum.

Lagabreytingartillaga – 25. grein

Flutningsaðili: stjórn BÍS

Þórhallur Helgason flutti tillöguna fyrir hönd stjórnar BÍS, tillagan snýr að því að stjórn sé heimilt að skipa skáta í embætti og ákveða verksvið þeirra. Einnig um að upplýsingar um starfandi nefndir, vinnuhópa og embætti skulu ávallt aðgengilegar á heimasíðu skátanna. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Lagabreytingartillaga 25. grein - kosning

Atkvæði greidd: 54 af 57

Já: 53, Nei: 0, Tek ekki afstöðu: 1

Tillagan er samþykkt.

Lagabreytingartillaga – 26. grein

Flutningsaðili: Ungmennaping

Högni Gylfason flutti tillögu fyrir hönd Ungmennapings, tillagan snýr að því að lækka aldurstakmörk fulltrúa í ungmenaráði úr 16 í 13 ára. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Umræður:

Hersteinn Skúli Gunnarsson, Ráðgjafi, styður tillöguna og segist hafa talað við marga fyrrverandi meðlimi ungmenningaráðs, þar sem erfitt sé að finna fólk sem hefur áhuga á að ganga í ráðið nema fólk sem er of ungt samkvæmt núgildandi lagaákvæði.

Lagabreytingartillaga 26. grein - kosning

Atkvæði greidd: 53 af 57

Já: 45, Nei: 5, Tek ekki afstöðu: 3

Tillagan er samþykkt.

Lagabreytingartillaga – 26. grein

Flutningsaðili: stjórn BÍS

Þórhallur Helgason flutti tillöguna fyrir hönd stjórnar BÍS, tillagan snýr að því hver skipar staðgengil í kjölfar óvirkni eða brottfalls í fastaráðum BÍS. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Umræður:

Sigurður Viktor Úlfarsson, Landnemur, leggur til að tekið sé fram að skipunin gildi fram að næstu kosningum, frekar en næsta aðalfundi.

Bjarki Geir Benediktsson Klakki tekur undir tillögu Sigurðar þar sem ekki er kosið á hverjum aðalfundi, til að það sé skýrt hver skipunartíminn sé.

Hersteinn Skúli Gunnarsson, Radióskátum, segir sína helstu hræðslu vegna þessarar breytingatillögu sé að síðustu Ungmennanæping hafi uppstillinganefnd ekki veitt Ungmennaráði aðstoð við mönnun ungmennaráðs.

Jón Lárusson Fossbúum bendir á að í tillögunni sé enn aldursákvæði sem breytt var með fyrri lagabreytingu á þinginu. Hann bendir einnig á að í Ungmennaráð sé kosið á hverju ári, en breytingin sem er til umfjöllunar sé einkum til að tryggja að fastaráð sé ekki undirmannað í meira en ár vegna þess að í þau er kosið á tveggja ára fresti.

Sigurður Viktor Úlfarsson, Landnemun og fyrrverandi formaður uppstillinganefndar, segir að óvissa hafi ríkt um aðkomu uppstillinganefndar að vali í Ungmennaráð. Nefndin hafi túlkað það sem svo að betra væri að ungmennin tækju þann bolta.

Þórhallur Helgason, stjórn BÍS, kynnir breytta breytingartillögu sem tekur mið af ákvæði í 23. grein. Uppstillinganefnd manni þá stöður fram að næsta aðalfundi, hvort sem kjósa hafi átt á þeim fundi eða ekki.

Jón Andri Helgason, Árbúum, leggur til að greinin hljóði eins og ákvæðið í 23. grein, þ.e. að félagsforingjafundur ákveði í samstarfi við uppstillinganefnd hvern beri að skipa.

Þórhallur Helgason, stjórn BÍS, bendir á að það kalli á meira umstang, því boða þurfi félagsforingjafund.

Sigurður Viktor Úlfarsson, Landnemun, bendir á að uppstillinganefnd velji ekki í embætti, heldur hjálpi til við það. Í breytingartillögunni sé hins vegar gert ráð fyrir að uppstillinganefnd velji einstaklinga. Nær væri að uppstillinganefnd skili tillögu til stjórnar. Sigurður leggur fram breytingartillögu þess efnis.

Þórhallur Helgason tekur undir sjónarmið Sigurðar, en leggur áherslu á að það sé þingsins að kjósa endanlega útkomu.

Jónatan Svavarsson í Vífli bendir á að hér sé verið að ræða um skilvirkni í skátahreyfingunni, spyr hvort eigi að kalla saman fund í hvert sinn sem einhver gengur úr starfi.

Bjarki Geir Benediktsson Klakki bendir á að í lögum BÍS komi fram að minnst 3 starfi í hverju fastaráði. Ef þeim kröfum er mætt, þarf þá að finna nýja einstaklinga í ráð þó að einhver hætti?

Kosið er um breytingartillögu Jóns Andra, þar sem kalla þarf saman félagsforingjafund.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu um breytingartillögu Jóns Andra:

Atkvæði greidd: 54 af 57.

Já: 11, Nei: 33, Tek ekki afstöðu: 10

Tillagan er felld.

Kosið er um breytingartillögu frá Sigurði Viktori Úlfarssyni um að það sé stjórn BÍS sem skipar í ráð, en uppstillinganefnd skili tillögu til stjórnar.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu um breytingartillögu Sigurðs:

Atkvæði greidd: 54 af 57.

Já: 39, Nei: 8, Tek ekki afstöðu: 7

Tillagan er samþykkt.

Lagabreytingartillaga – 26. grein

Flutningsaðili: Ungmennanæping

Flutningsaðilar vilja draga tillöguna til baka. Engin mótmæli, svo tillagan er ekki borin upp.

23. Afhending viðurkenninga

Harpa Ósk Valgeirsdóttir skátahöfðingi afhendir viðurkenningar og skipunarbréf.

Thelmu Rún van Erven, fráfarið félagsforingja Vífils, er afhentur Þórshamarinn úr bronsi. Jónatan Svavarsson, nýr félagsforingji Vífils, tekur við skipunarbréfi sínu.

Eftirfarandi fá þjónustumerki BÍS fyrir vel unnin störf við Skátasumarið 2021:

Auður Eygló Andrésdóttir Landnemum
Hafdís Jóna Sigurjónsdóttir Árbúum
Dóra Magnea Hermannsdóttir Hraunbúum
Egle Sipaviciute Landnemum Garðbúum
Steinar Logi Sigurðarson Kópum
Daníel Kárasen Hraunbúum
Hrafnkell Úlfur Ragnarsson Fossbúum

24. Kynning á breyttum reglugerðum

Þórhallur Helgason, stjórn BÍS, kynnir breytingar á reglugerðum sem gerðar hafa verið á síðasta ári.

- Reglugerð um utanferðir skáta
- Reglugerð um einkennismerki skáta
- Reglugerð um merki BÍS
- Reglugerð um landsmót skáta
- Reglugerð um hæfi skátaforingja

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir kynnir vinnu hennar og Sigurgeirs B. Þórissonar við vímuvarnar- og forvarnarstefnur BÍS. Stefnt er að einni stefnu, vímuvarnarstefnu, sem tekur á öllum stefnumálum sem viðkoma vímuefnum í skátastarfi.

Einnig eru þau að vinna í reglugerð um vímuvarnir sem hefur vísun í vímuvarnarstefnu og barnaverndarlög og er ætlað að taka af vafaatriði í þessum málaflokki, og veita góða verkferla. Ætlunin er að vímuvarnarstefnan og vímuvarnarreglugerðin séu í samræmi hvor við aðra. Hún biður skáta um að hafa samband við sig ef þau vilja koma sínum sjónarmiðum á framfæri við þessa vinnu.

25. Breytingar í ungmennaráði og útilífsráði

Liður sem var ekki á dagskrá fundarins, en er bætt við með samþykki fundarins. Huldur Hlynsson, stjórn BÍS, gerir grein fyrir mannabreytingum í ráðum.

Ungmennaráð:

Út fóru Davíð Þrastarson Garðbúum og Hersteinn Skúli Gunnarsson Kópum.
Inn komu Jóhann Tómasson Vífli og Svava Dröfn Davíðsdóttir Árbúum.

Útilífsráð:

Út fóru: Sif Pétursdóttir Skjöldungum og Hjálmar Snorri Jónsson Kópum.
Inn komu Anna Margrét Tómasdóttir skf. Akranesi og Hrafnhildur Sigurðardóttir Vífli.

26. Önnur mál

1. Skátasafnið

Jónína Sigurjónsdóttir úr skátaflokknum Viljurnar fer yfir sögu Skátasafnsins sem byrjaði sem lítil sýning í Ljósafossstöð á vegum Smiðjuhópsins en er nú í KSÚ og er orðið fullvaxið safn. Í fyrra voru yfir 1000 heimsóknir í gestabókinni. Sjálfboðaliðatímar á árinu voru um 2000. Umsjónarmenn safnsins sóttu ráðstefnu norrænna skátasafna á Sólheimum. Þar kom í ljós sérstaða íslenska safnsins að því leiti að þar koma ungmenni beint að starfinu. Jónína hvetur þinggesti til að vera duglega að heimsækja safnið.

2. Grænir skátar

Sævar Skarpason kynnir Græna skáta. Heildartekjur hafa vaxið frá 2020, heildarvelta er farin að slaga í 300 milljónir króna. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að framlag Grænna skáta til BÍS verði um 50 milljónir. Reiknað er með að móttaka umbúða á þessu ári nái 25 milljónum eininga. Mikið hefur verið greitt út til íþróttafélaga sem fara í sérstakar dósasafnanir. 17 skátafélög hafa einnig verið að skila dósum til Grænna skáta, af þeim eru 2 félög sem ná um 900.000 krónum. Önnur félög eru talsvert langt á eftir. Þegar kemur að íþróttafélögum hefur tekjuhæsta félagið fengið greitt um milljón krónur, en önnur félög minna. Á Akureyri hefur nýlega verið farið í samstarf. Frá því í október hafa verið settir upp 12 skápar og í þá hafa komið um 75.000 einingar. Verið er að vinna í samræmdum merkingum á skápunum. Einnig er verið að þjónusta veitingastaði og fyrirtæki. Erlend þjófagengi hafa reglulega stolið úr skápunum og jafnvel brotist inn í Eldshöfðann. Hjá Grænum skátum starfa 35 einstaklingar með fötlun, í samvinnu við verkefnið Atvinna með stuðningi, og eru Grænir skátar stærsti einstaki vinnustaðurinn á landsvísu sem er aðili að því verkefni.

3. Vinnuhópar sem verið er að setja á laggirnar

Sigurgeir B. Þórisson kynnir nýja vinnuhópa á vegum BÍS:

- JOTA/JOTI vinnuhópur.
- Vinnuhópur um starfsgrunn og hvatakerfi Róverskáta.
- Crean vinnuhópur.
- Vinnuhópur um Íshækið.
- Vefsveit um vefmál BÍS.
- Vinnuhópur um mælikvarða á stefnubáttum í stefnu BÍS.

4. Drekaskátamót

Reynir Tómas Reynisson Garðbúum og mótsstjóri Drekaskátamóts, kynnir mótið sem verður 2.-4. júní á Úlfliótsvatni. Dagskrá verður svipuð og áður, hönnuð í takt við ÆSKA. Þemað er diskópema. Mótsgjaldið er 9.000 kr. fyrir þátttakendur og 5.000 kr. fyrir foringja, en einn frír foringi á hverja 10 skáta. Mótsstjórn Drekaskátamóts kynnt.

5. Tíðavörur

Herdís Helgadóttir, Árbúum, skorar á skátafélög og BÍS að bjóða upp á tíðavörur fyrir þau sem þurfa á að halda.

6. Lagabreytingar

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir Kópum, skorar á BÍS að standa betur að lagabreytingum og umræðum um þær, en sumar umræður sem eru að eiga sér stað á þinginu hefðu mátt eiga sér stað fyrir þingið. Þórhildur hvetur skipulagsaðila þingsins til að kynna lagabreytingartillögur betur fyrir næsta þing og jafnvel að bjóða upp á umræðufund. Einnig að skref verði tekin til að gera lögin kynhlutlausari í máli.

7. Samstarf vegna Gilwell-verkefnis

Védís Helgadóttir, Landnemum, kynnir Gilwell-verkefni sitt - rannsókn sem snýr að því að skoða brottfall úr skátahreyfingunni og ánægju foringja í sínu starfi. Skoðuð verða tengsl ýmissa þátta í starfinu við brottfall. Á næstu vikum verður send út rannsókn og spurningar og

Védís hlakkar til að eiga samstarf við félögin, þar sem mikilvægt er að komast að því af hverju skátar falla úr starfi.

8. Ungmennastarf

Jorgen Nilsson, skf. Akraness, vill benda á nokkra hluti varðandi skátaþingsbingóið. Í fyrsta lagi er ekki nóg um skátafélög út á landi í bingóinu. Í öðru lagi er erfitt fyrir skátafélög út á landi að t.d. sækja þjónustu til Skátamiðstöðvarinnar í Reykjavík. Í þriðja lagi er erfitt fyrir skáta sem eru ekki með íslensku sem fyrsta mál að skilja þegar Sigurgeir talar. Jorgen hefur tekið þátt í Norðurlandasamstarfi ungmennafélaga. Hann segist aldrei hafa séð jafn mörg ungmenni á þeim fundum og á þessu þingi. Hann hrósar fundargestum fyrir góðar umræður, og vill að Unnur Kvaran og Védís Helgadóttir bjóði upp á ræðunámskeið, eftir frammistöðu þeirra um helgina. Hann hvetur loks eldra fólkið til að hlusta á unga fólkið, enda sé starfið fyrir þau.

9. Vormót Hraunbúa

Thelma Karen Bjarnfinnsdóttir og Jakob Heimir Burgel úr Hraunbúum kynna vormót með víkingaþema, á flugvelli Þyts við Hvaleyrarvatn 26.-29. maí. Skráningargjaldið er 12.000 kr. Í víkingadagskrá verður meðal annars hjólaferð, sundferð, fjallganga, kanó og fleira. Á mótinu verða tvær kvöldvökur. Matur er ekki innifalinn.

27. Aðalfundarstörfum lýkur

Kjartan þakkar fundargestum fyrir hönd fundarstjóra, og afhendir skátahöfðingja stjórn fundarins.

Harpa Ósk Valgeirsdóttir skátahöfðingi þakkar fyrir fundarstjórn, fundarritun og tæknistjórn og færir fundarstjórum og riturum þakklætisvott. Eftir að aðalfundi lýkur tekur Sædis Ósk Helgadóttir við stjórninni og þá taka við smiðjur og umræðuhópar.

Aðalfundi lýkur kl. 14.20.

Undirritað af fundarstjórum og minnst 2 fulltrúm allsherjarnefndar:

Undirritunarsíða

Guðmundur Finnbogason

Kjartan Ólafsson

Ásgerður Magnúsdóttir

Benedikt Þorgilsson

Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir

Jóhann Gunnar Malmquist

Ólafur Patrick Ólafsson